

Fundargerð 20. fundar stjórnar SSA haldinn 16. apríl 2024

Fundurinn haldinn á sveitarstjórnarskrifstofu Múlapings og hófst kl. 14:00.

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Starfsmenn Austurbrúar: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson, fundarritari.

1. Fundargerð SSA [nr. 19](#) - til kynningar

2. Undirbúningur aðalfundardags

- Magnús Jónsson og Ingimar Guðmundsson, endurskoðendur hjá KPMG, kynntu drög að ársreikningi SSA fyrir stjórn og svöruðu fyrirspurnum stjórnarmanna. Endanlegur ársreikningur kynntur á næsta stjórnarfundi 17. maí.
- Aðalfundur verður haldinn 23. maí á Breiðdalsvík. Gengið verður frá ársreikningum á næsta stjórnarfundi þann 17. maí.
- Skipan kjörnefndar, fjárhagsnefndar og samþykktir SSA til umræðu. Rædd var tillaga Fljótsdælinga til stjórnar SSA um breytingu á samþykktunum. Ákveðið að skipa laganefnd á aðalfundinum sem mun fjalla um tillöguna en framkvæma auk þess heildarendurskoðun á samþykktinni. Niðurstaðan úr þeirri vinnu yrði kynnt og afgreidd á næsta haustþingi.

3. Umsagnir

- Umsagnarbeiðni til svæðisskipulagsnefndar um aðalskiplag Vopnafjarðarhrepps. [Sjá umsögn](#).
- Umsagnarbeiðni vegna aðalskipulagsbreytinga hjá Fljótsdalshreppi. [Sjá gögn](#). Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044.

4. Ályktun vegna samgöngumála á Austurlandi

„SSA tekur undir þær ályktanir vegna samgöngumála sem nýverið hafa komið frá sveitarstjórnunum á Austurlandi og minnir á ályktanir frá síðasta haustþingi SSA þar sem rík áhersla er lögð á að staðið verði við fyrirhugaðar samgöngubætur á Austurlandi. Nýleg efnahagsgreining, sem SSA lét gera fyrir Austurland, leiddi í ljós að landshlutinn leggur mikið til þjóðarþúsins með tæpan fjórðung af verðmæti vöruútflutnings. Það er því eðlileg krafa að innviðir á Austurlandi verði byggðir upp enda geta Austfirðingar ekki beðið lengur eftir samgöngubótum.“

5. Stofnun vettvangs fyrir atvinnulíf á Austurlandi

- Framkvæmdastjóri greindi frá þeirri vinnu sem Austurbrú hefur verið í varðandi skipan faghópa fyrir starfsemi stofnunarinnar, þar á meðal að búa til samráðsvettvang atvinnulífs á sviði iðnaðar, sjávarútvegs og tengdra greina á Austurlandi. Þegar hefur farið fram einn fundur þar sem lýst var miklum áhuga á að halda áfram vinnu við að koma þessum vettvangi á í þeim tilgangi að auka samstarf og samtal milli fyrirtækja í fjórðungnum.

6. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- [5 mál](#) í samráðsgátt. Lagt fram til kynningar.

7. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur [nr. 575](#)
- SNV, fundur [nr. 105](#) og [nr. 106](#)
- SSNE, fundur [nr. 61](#) og [nr. 62](#)

8. Minningarsjóður Ragnildar B. Methúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar

- Framkvæmdastjóri vinnur málið áfram á milli funda og auglýsir styrkina lausa til umsóknar.

Fundi slitið 15:30.

Undirritunarsíða

Ragnar Sigurðsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Helgi Hlynur Ásgrímsson

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir